



*Framkvæmdanefnd
um einkavæðingu*

Björgólfur Thor Björgólfsson
Lex ehf. Lögmannsstofa
Sundagörðum 2
104 Reykjavík

16. ágúst 2002

Vísað er til bréfs yðar dags. 29. júlí sl. þar sem settar eru fram nokkrar spurningar sem snúa að sölufarli framkvæmdanefndar um einkavæðingu á hlutabréfum í Landsbanka Íslands hf. og Búnaðarbanka Íslands hf.

Sem svar við spurningum yðar í bréfinu skal eftirfarandi tekið fram:

1. Það er stefna ríkisstjórnarinnar að selja hlutabréf ríkisins í bönkunum tveimur. Þetta kemur skýrt fram í stefnuyfirlýsingu ríkisstjórnarinnar og hefur marg oft verið áréttað í yfirlýsingum forsætisráðherra og viðskiptaráðherra. Ummæli viðskiptaráðherra sem vitnað er til í bréfinu fela ekki annað í sér en að með auglýsingu hafi verið leitað eftir hvort fleiri hefðu áhuga á kaupum á umræddum hlutabréfum og að ekki verði selt nema samkomulag um verð og aðra skilmála náist.
2. Framkvæmdanefnd um einkavæðingu sækir umboð sitt til ráðherranefndar um einkavæðingu eins og tilgreint er í verklagsreglum um útboð og sölu ríkisfyrirtækja sem ríkisstjórnin samþykkti á fundi sínum 9. febrúar 1996. Um önnur valdmörk nefndarinnar vísast til almennra reglna um stjórnarsýslu ríkisins. Varðandi sölu bankanna sérstaklega er það að segja að nefndinni hefur af ráðherranefnd um einkavæðingu verið falið að vinna að undirbúningi sölu hlutabréfanna. Forsendur sem stuðst er við og verklag í viðræðum ákveður nefndin í samráði við þá sem hlut eiga að máli. Þegar niðurstaða liggur fyrir í því sölufarli sem nú er í gangi munu hlutaðeigandi ráðherrar taka endanlega ákvörðun um sölu.
3. Í ljósi þróunar í svokölluðu SPRON máli telur nefndin að málið muni ekki hafa áhrif á sölufarli á hlutabréfum í Landsbanka Íslands hf. og Búnaðarbanka Íslands hf. Ekki verður því sérstaklega beðið eftir frekari niðurstöðu í málinu frekar en

öðrum breytingum eða hræringum sem eru til umræðu eða kunna að verða á innlendum eða erlendum fjármálamarkaði.

4. Áformað er að í næstu viku verði kynningarfundir fyrir þá þrjá aðila sem valdir voru til frekari viðræðna um sölu hlutabréfa í Landsbanka Íslands hf. Markmið fundanna er að kynna nánar starfsemi bankans án þess að láta í té það sem kalla mætti innherjaupplýsingar. Að kynningarfundunum loknum mun framkvæmda-nefnd um einkavæðingu eiga fund með hverjum og einum af þessum þremur aðilum og óska frekari upplýsinga. Í framhaldi af því verður einn aðili valinn úr hópi hinna þriggja og gengið til beinna viðræðna við þann aðila. Við þetta val verður einkum litið til atriða sem tilgreind voru í auglýsingu nefndarinnar 10. júlí sl., þ.e. fjárhagsstöðu, þekkingar og reynslu á fjármálamarkaði, hugmynda um staðgreiðsluverð og áforma varðandi rekstur. Þjóðendur skulu auk þess uppfylla skilyrði um hæfi eigenda virkra eignarhluta, sbr. ákvæði 10. gr. laga nr. 113/1996, um viðskiptabanka og sparisjóði.
5. Áformað er að beinar viðræður við þann aðila sem valinn verður hefjist um næstu mánaðamót. Kappkostað verður að viðræðurnar taki eins skamman tíma og kostur er og að kostgæfnisathugun kaupanda hefjist að því loknu. Að þeirri athugun lokinni og að fengnu samþykki Fjármálaeftirlitsins er gert ráð fyrir að sala hlutabréfanna fari fram. Nánari tímaáætlun verður unnin í samstarfi við þá sem rætt verður við.
6. Framan af söluferlinu hafa allir þeir aðilarnir aðgang að sömu almennu upplýsingunum. Þegar liggur fyrir við hvern þeirra gengið verður til beinna viðræðna mun sá fá aðgang að innherjaupplýsingum um rekstur Landsbankans í samræmi við þær reglur sem þar um gilda.

Virðingarfyllst,

f.h.n.

